VII. KAFLI
**Um aðra starfsmenn bæjarins.**

**33. gr.**

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Seltjarnarneskaupstaðar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Starfsmenn skulu hlíta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Seltjarnarneskaupstaðar eins og þær eru á hverjum tíma samþykktar af bæjarstjórn.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. ágúst 1974.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

21. ágúst 1974. Nr. 255.

# REGLUGERÐ

**um stimpilgjöld af vátryggingarskjölum.**

**1. gr.**

Vátryggingarskírteini og vátryggingarsamningar skulu stimplaðir samkvæmt reglugerð þessari.

Sé ekki gefið út vátryggingarskírteini eða gerður skriflegur vátryggingarsamningur, skal stimpla kvittun fyrir greiðslu fyrsta iðgjalds eða annað skjal, er vátrygginguna varðar.

**2. gr.**

Lífsábyrgðarskírteini (sparilíftryggingarskírteini) stimplast með einum af þúsundi eða broti úr þúsundi af lífsábyrgðarfjárhæðinni.

Stimpilgjald af líftryggingum, þar sem vátryggingarfjárhæðin greiðist einungis út, ef hinn tryggði andast á tilteknu tímabili og iðgjaldagreiðslur mynda ekki höfuðstól (áhættulíftryggingar), skal vera 3⅓% af fyrsta árs iðgjaldi.

Sé vátryggingarfjárhæðin greidd út í afborgunum, skal stimpilgjaldið reiknað af þeirri eindargreiðslu, er samsvarar afborgunum eftir reglum viðkomandi vátryggingarfélags.

**3. gr.**

Skírteini fyrir brunatryggingar á lausafé, innbústryggingar, heimilistryggingar, glertryggingar, vatnstjónstryggingar á lausafé, innbrots- og þjófnaðartryggingar, vélstöðvunartryggingar, lekatryggingar, byggingatryggingar (CAR-tryggingar, „construction"-tryggingar), altjónstryggingar („all-risk"-tryggingar), rekstursstöðvunartryggingar og aðrar skaðatryggingar á fasteignum eða lausafé en þær, er um getur í 4., 5., 6., 7. og 10. gr.. reglugerðar þessarar, skulu stimpluð með 25 aurum af þúsundi eða broti af þúsundi af vátryggingarfjárhæðinni.

4. gr.

Skírteini fyrir húseigandatryggingar, jarðskjálftatryggingar og vatnstjónstryggingar á fasteignum skulu stimpluð með 3⅓% af fyrsta árs iðgjaldi.

5. gr.

Bifreiðatryggingarskírteini þ. á m. húftryggingarskírteini, brunatryggingarskírteini bifreiða, takmörkuð-húftryggingarskírteini og skírteini fyrir hálf-húftryggingu (hálf-kasko) stimplast með 25 aurum af þúsundi eða broti af þúsundi af vátryggingarfjárhæðinni.

6. gr.

Skipatryggingarskírteini stimplast með 10 aurum af þúsundi eða broti úr þúsundi af vátryggingarfjárhæð.

Sjóvátryggingar á varningi, tryggingar á varningi fluttum með flugvélum eða landfarartækjum og farangurstryggingar stimplast með 10 aurum af þúsundi eða broti af þúsundi vátryggingarfjárhæðar.

Vátryggingarskírteini fyrir peningasendingar í flutningi milli staða stimplast með 3⅓% af iðgjaldi.

7. gr.

Gripatryggingarskírteini skulu stimpluð með 10 aurum af þúsundi eða broti af þúsundi vátryggingarfjárhæðar.

8. gr.

Skírteini fyrir slysatryggingar, ferðaslysatryggingar og sjúkratryggingar skulu stimpluð með 3⅓% af fyrsta árs iðgjaldi.

9. gr.

Ábyrgðartryggingarskírteini skulu stimpluð með 3⅓% af fyrsta árs iðgjaldi.

10. gr.

Eftirtaldar vátryggingar eru undanþegnar stimpilgjaldi:

1. Brunatryggingar á fasteignum.
2. Þær ábyrgðartryggingar, sem eigendum skráðra vélknúinna ökutækja er skylt samkvæmt umferðarlögum að kaupa vegna ökutækjanna.
3. Þær ábyrgðartryggingar, sem eiganda loftfars er skylt að kaupa skv. 137. gr. laga nr. 34 21. maí 1964.
4. Vátryggingarskírteini, sem bátaábyrgðarfélög og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gefa út.
5. Atvinnuslysatryggingar launþega, þar með taldar atvinnuslysatryggingar sjómanna.
6. Vátryggingar á afurðum sjávarútvegs og landbúnaðar.

11. gr.

Sé vátryggingarfjárhæð vátryggingar, sem þegar hefur verið greitt stimpilgjald af, hækkuð, skal stimpilgjald einungis greitt af viðbótarupphæðinni.

12. gr.

Nú er einhver þeirra vátrygginga tekin, sem um ræðir í 3., 5., 6. eða 7. gr. reglugerðar þessarar, án þess að tilgreind sé vátryggingarfjárhæð, og skal stimpilgjaldið þá reiknað af verðmæti hins tryggða eða áætluðu meðalverðmæti tryggðra fjármuna í viðkomandi iðgjaldsflokki.

13. gr.

Á stimpilgjöld þau, er um ræðir í reglugerð þessari, bætist viðauki samkvæmt ákvæðum laga þeirra og auglýsinga, sem í gildi eru hverju sinni um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, sbr. nú lög nr. 94/1973 og auglýsingu nr. 364/1973.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 80 23. desember 1953, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 129/1941 og nr. 62/1967, auglýsingar nr. 164/1953 og 168/1973 og ráðuneytisbréf nr. 2/1956.

*Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

***Höskuldur Jónsson.***

22. ágúst 1974. Nr. 256.

## MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ,

### verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um stjórnarráð Íslands, er auglýsingu nr. 79/1971, sbr. breytingu nr. 193/1974, um menntamálaráðuneytið, skipulag þess og starfsreglur, hér með breytt á þann veg að aftan við upptalningu verkefna H-deildar bætist: Dagvistunarstofnanir, sumardvalarheimili barna og sumarbúðir.

Inn í almennu ákvæðin aftast í auglýsingunni bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Fræðslustjórar samkvæmt grunnskólalögum nr. 63/1974 heyra beint undir ráðuneytisstjóra, en ekki neina sérstaka deild.

*Í menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

***Birgir Thorlacius.***

26. ágúst 1974. Nr. 257.

## REGLUGERÐ

### um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga.

1. gr.

Fyrning bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í 2. gr., skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, vera fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði eignanna og innan þeirra marka, sem hér greinir: